



Fundargerð 2. fundar stjórnar AKÍS 2026-2027

Staður og tími: Zoom 07. apríl 2026 kl. 19:30

Mættir aðalmenn: Jón Þór Jónsson (JÞJ), Halldór Viðar Hauksson (HVH) Baldvin Hansson (BH), Ari Halldór Hjaltason (AHH), Sigurður Ingi Sigurðsson (SIS) Linda Karlsdóttir (LK) Ólafur Hallgrímsson (ÓH)

Mættir varamenn: Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir (AÓS), Hrefna Björnsdóttir (HB), Hilmar Jacobsen (HJ)

Fjarverandi:

Fundinn sat einnig Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS) starfsmaður sambandsins.

HKS/BH ritaði fundargerð

Dagskrá

1. Rafræn Skoðunarskýrsla

Baldvin kynnir fyrir stjórn rafræna skoðunarskýrslu.

2. Öryggisráð

Ara var falið á síðasta fundi að finna aðila í öryggisráð. Ari nefndi tvo aðila sem hann var búinn að ræða við. Hrefna nefndi einnig tvo aðila sem líklega kandidata.

Samþykkt að leita til þriggja nefndra aðila og skipa þá ef þeir eru tilbúnir að taka tilnefningu og skipun. Munu þeir fá skipunarbréf ef þannig fer.

3. Önnur mál

Erindi frá keppnishaldara í hermikappakstri

Erindi barst frá keppnishaldara um að bæta einni keppni við keppnisdagatalið í hermikappakstri, þ.e. 7. umferð, og að sú keppni fái að fara fram 30. apríl 2026.

Stjórn AKÍS stendur við ákvörðun frá síðasta fundi um að synja fyrra erindi um heimild til að halda 3. umferð í Hermikappakstri en samþykkir umsókn um heimild til að halda 7. umferð í Hermikappakstri þann 30. apríl 2026. Ákvörðunin er tekin í ljósi þess að keppnisráð setur sig ekki upp á mótí breytingunni.



Til kynningar:

- Keppnisstjóra og dómnefndar námskeið verður haldið laugardaginn 11 apríl kl 11:00 félagsheimili BA.

Frá starfsmanni:

- Vinna við að skipa formenn dómnefndar á Íslandsmeistaramót er í fullum gangi stefnt er að vera búið að manna allt tímabilið sem fyrst.
-

Næsti stjórnarfundur verður 21. apríl 19:30

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið klukkan 20:27.